

Þriðja helhyrningur:

E.

Frummyndir úr Ferðabók Eggerts Ólafssonar
og Bjarna Pálssonar komnar heim.

Danska vísindafélagið, sem á sínum tíma stóð fyrir rannsóknarferðum
Eggerts og Bjarna, lánaði Bókaútgáfunni Örn og Örlygur hf. myndirnar
til eftirtöku.

Flestar frummyndanna eru litaðar og hafa hvergi birst en verða
prentaðar í væntanlegum útgáfum af Ferðabókinni á íslensku og ensku,
sem hafinn er undirbúningur að og vonir standa til að geti báðar
komið út á þessu ári.

Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, sem fyrst var gefin
út á dönsku 1772 er eitt hið ágætasta rit um Ísland fyrr og síðar.
Íslensk þýðing hennar gerð af Steindóri Steindórssyni frá Hlöðum, kom
út 1943. Ferðabókin var prýdd með 51 myndablaði, voru það eirstungur
af landslagi, búningum, ~~xx~~ steinum, fuglum, fiskum, hvölum o.fl. dýrum.
Eru fleiri en ein mynd á sumum blöðunum. Hafa myndir þessar fylgt
öllum útgáfum Ferðabókarinnar, nema hinni ensku, þær eru gerðar ~~á~~
eftir frumteikningu Eggerts, flestar a.m.k. Það hefir lengi verið
kunnugt, að í upphafi gerði Eggert fleiri myndir en þær, sem prentaðar
voru. Segir Þorvaldur Thoroddsen í Landfræðisögu sinni "að útgefendur
hafi valið úr hið helzta". Í æfisögu Eggerts segir Vilhjálmur Þ.
Gíslason, að hjá Vísindafélaginu danska séu geymd 113 myndablöð, og
séu flestar myndirnar litaðar. Annað var ekki kunnugt um myndir
þessar hér á landi fyrr en dr. Egill Snorrason, yfirlæknir í Kaupmanna-
höfn flutti erindi um Ferðabókina og myndir, er henni heyrðu til, í
Félagi áhugamanna um sögu læknisfræðinnar, í Háskóla Íslands 1970,
en ekki var það kunnugt almenningi fyrr en í Árbók Fornleifafélagsins
fyrir árið 1972, en dr. Egill hefir kannað þetta efni til hlítar.
Varð hann mjög hrifinn af myndunum og kallar það ~~þessi~~ "oplevelse"
að skoða margar þeirra. Ýmsir teiknarar hafa endurteiknað frummyndir
Eggerts, þeirra á meðal er Jón yngri frá ~~Sveifum~~ Svefneyjum, bróðir
Eggerts. Dr. Egill hefir kannað feril teiknaranna og gerir grein
fyrir þeim í erindi sínu. Í nýútkomnu riti ~~Vísindafélags~~ um Vísinda-
félagið danska hefir svo Asger Lomholt, arkivar gert grein fyrir
myndasafninu og birtir hann þar nokkrar litmyndir af þeim, og eru
sumar þeirra prentaðar í Árbók Fornleifafélagsins.

Eins og fyrr var getið þýddi Steindór Steindórsson Ferðabókina á sínum tíma. Þegar hann svo dvaldist í Höfn haustið 1972 skoðaði hann myndasafnið, og fór honum líkt og dr. Agli að hann hreifst mjög af þeim, enda er það mála sannast, að þær eru margar forkunnarvel gerðar og sýna miklu meira en eirstungurnar, sem margar hverjar hafa heppnast miður vel. Varð honum þá ljóst, að ef einhverntíma ~~kæ~~ kæmi til nýrrar útgáfu af Ferðabókinni á Íslandi yrði skilyrðislaust að prenta ~~þ~~ hinar upphaflegu litmyndir í stað eirstungnanna, og auk þeirra hinar óprentuðu myndir, a.m.k. langflestar þeirra, því að margar þeirra standa prentuðu myndunum sízt að baki.

Þegar svo Bókaútgáfan Örn og Örlygur ákvað á síðastliðnu ári að gefa út að nýju íslenzku og ensku þýðingarnar á Ferðabók Eggerts á þessu ári, töldu útgefendur sjálfsagt, að í hinni nýju útgáfu yrðu hinar lituðu frummyndir, ekki aðeins þær, sem eirstungur voru til af heldur einnig hinar, sem hvergi hafa birst. Annað ~~k~~ væri naumast sámandi minningu Eggerts. Fóru þeir Örlygur Hálfðanarson og Steindór til Hafnar að kynna sér myndasafnið betur, og vinna að undirbúningi á prentun þeirra. Fyrir milligöngu Sigurðar Bjarnasonar sendiherra í Kaupmannahöfn fékkst allt safnið léð hingað heim og sýndi Asger Lomholt arkivar sérstaka ljúfmennsku og greiðvikni í því sambandi. Voru myndirnar síðan fluttar hingað heim á vegum íslenska utanríkisráðuneytisins og afhenti ~~þá~~ blaðafulltrúi þess, Þórður Einarsson, þeim Steindóri og Örlygi myndirnar hinn 4. október sl. Þann sama dag veitti forstöðumaður Árnasafns, dr. Jónas Kristjánsson myndunum ~~me~~ viðtöku, en meðan þær verða hér heima verða þær geymdar í Árnagarði og þær unnið að undirbúningi prentunar þeirra. Kann útgáfan ~~k~~ öllum þessum aðilum þakkir fyrir ágæta fyrirgreiðslu.

Og nú eru myndirnar komnar heim, þótt ekki sé nema um stundarsakir. En heimsókn þeirra verður til þess, að þær verða almenningi kunnar, og munu þær vissulega auka hróður þeirra Ferðabókahöfundanna Eggerts og Bjarna, auk þess sem margar þeirra eru sérstakt augnayndi, hverjum sem meta kann vel gert verk.

Auk útgáfu bókarinnar á þessu ári er fyrirhugað að halda sýningu á myndunum í hásakynnum þjóðminjasafnsins og hefir þjóðminjavörður góðfúslega veitt leyfi sitt til þess en eftir er að afla heimildar danska Vísindafélagsins.

Það er ýkju- og öfgalaust mál, að myndir þessar eru í senn bæði stórfróðlegar, og yfirleitt prýðilega gerðar, auk þess, sem þær kynna oss eina hlið á hinum fjölpættu hæfileikum Eggerts Ólafssonar, enda þótt hann hafi ekki frá þeim gengið til fulls, þær sýna bæði, hvað honum var mest í mun að komið væri á framfæri til skýringar texta bókarinnar, og einnig að hann hefir verið drátthagur, því að jafngóðar myndir hefðu naumast verið gerðar, ef ekki hefði notið við samilegra frumteikninga. Það er því vel til fundið og maklegt, að myndir þessar verði almenningseign, ásamt nýjum útgáfum Ferðabókarinnar, sem verið hafa ófáanlegar í fjölda ára, á hátíðarárinu 1974, en þá eru liðin 202 ár síðan Ferðabókin var fyrst prentuð í Sórey.

Þess skal að lokum getið að hin enska útgáfa Ferðabókarinnar, sem kom út árið 1805 í styttri útgáfu, hefir verið endurskoðuð að nokkru og eins og fram hefir komið mun hún einnig prýdd áðurnefndum litmyndum.

Hönnun bókanna og uppröðun mynda annast Hilmar P. Helgason í samráði við þýðanda og útgefendur.